

Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn mánudaginn 29. apríl 2013 og hófst kl. 16:00 í Rímu, fundarherbergi Hörpu á 1. hæð.

Mættir voru:

Helga Jónsdóttir - stjórnarformaður Hörpu
Haraldur Flosi Tryggvason - stjórnarmaður Hörpu
Helga Margrét Reykdal – stjórnarmaður Hörpu
Kjartan Örn Ólafsson – stjórnarmaður Hörpu
Pétur Ásgeirsson – stjórnarmaður Hörpu
Þórunn Sigurðardóttir – stjórnarmaður Hörpu
Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra
Hafsteinn Hafsteinsson – skrifstofustjóri fjármála – og efnahagsráðuneyti
Gísli Þór Magnússon – skrifstofustjóri mennta –og menningarmálaráðuneyti
Ásta Magnúsdóttir –ráðuneytisstjóri mennta –og menningarmálaráðuneyti
Einar Gunnarsson ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneyti
Jón Gnarr borgarstjóri
S. Björn Blöndal – aðstoðarmaður borgarstjóra
Dagur B Eggertsson –formaður borgarráðs
Ellý Katrín Guðmundsdóttir - borgarritari
Vignir Rafn Gíslason – endurskoðandi PwC
Ingibjörg Þorbergsdóttir - PwC
Halldór Guðmundsson – forstjóri Hörpu
Auður Árnadóttir – fjármálastjóri Hörpu
Sunna Hrönn Sigmarsdóttir – starfsmaður Hörpu
Torfi Hjartarson – starfsmaður Hörpu
Elva Dögg Melsteð – starfsmaður Hörpu
Helga Thors – starfsmaður Hörpu
Steinunn Birna Ragnarsdóttir– starfsmaður Hörpu
Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari tæki að sér fundarstjórn. Samþykkt.

2. Fundarritun

EKG lagði til að Hulda Kristín Magnúsdóttir ritari stjórnarfundar Hörpu ohf ritaði fundargerð. Samþykkt.

3. Könnun á lögmæti fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins með auglýsingu í Fréttablaðinu þann 15. apríl síðastliðinn. Af hálfu hluthafa mætti Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra (54%) og Jón Gnarr borgarstjóri (46%).

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

4. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2012

Með samþykki fundarins voru dagskrárliðir 1 og 2 í fundarboði, skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2012, ræddir saman. Fluttu stjórnarformaður og forstjóri skýrslu stjórnar um einföldun stjórnkerfis Hörpu, breytta félagaskipan og starfsemi félagsins. Forstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningurinn sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var staðfestur án umræðu.

5. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Lagt var til að yfirfæranlegt tap verði flutt fram á næsta ár. Samþykkt.

6. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um óbreytta stjórn..

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Helga Jónsdóttir formaður
2. Haraldur Flosi Tryggvason varaformaður
3. Helga Margrét Reykdal
4. Kjartan Örn Ólafsson
5. Pétur Ásgeirsson
6. Svanhildur Konráðsdóttir
7. Þórunn Sigurðardóttir

7. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins, sbr 6 grein laga nr 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

8. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarformanns verði 185.000 kr. á mánuði en þóknun annarra stjórnarmanna 92.500 kr. á mánuði. Tillagan var samþykkt.

9. Önnur mál

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.



Ellý Katrín Guðmundsdóttir, fundarstjóri



Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari